

Viðmið um notkun gervigreindar fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi

Þessi viðmið gilda fyrir allt starfsfólk grunnskóla í Kópavogi og eiga við um notkun gervigreindar í kennslu, undirbúningi, innri stjórnsýslu og samskiptum innan skólans. Markmiðið er að tryggja ábyrga, örugga og faglega nýtingu gervigreindar til að styðja við gæði náms og þjónustu, án þess að skerða persónuvernd, öryggi, jafnræði eða traust. Áhersla er á ábyrgð, öryggi og fagmennsku, þannig að gervigreind stuðli að bættri menntun og þjónustu.

1. Grunnreglur

- Mannleg ábyrgð og mat: Gervigreind er verkfæri til stuðnings en starfsfólk ber alltaf ábyrgð á niðurstöðum, texta og ákvarðanatöku.
- Lágmarkun gagna: Einungis skal deila nauðsynlegum upplýsingum með gervigreind til að leysa verkefni.
- Gagnrýnin hugsun: Allt efni frá gervigreind þarf yfirferð og rökstuðning áður en það er notað.
- Jafnræði og varúð gagnvart hlutdrægni: Meta þarf hvort svör séu bjöguð og bregðast við, sérstaklega þegar um viðkvæma hóp er að ræða.
- Málfar: Meta skal málfar og tón í samræmi við lög, málstefnu og gildi skólans og sveitarfélagsins.
- Gagnsæi: Mikilvægt er að upplýsa um notkun gervigreindar þegar það hefur áhrif á gæði, traust eða samskipti og skiptir máli fyrir nemendur, foreldra eða forsjáaðila. Gervigreind er stuðningur ekki frumheimild við viðkvæmar ákvarðanir eða samskipti.

2. Flokkun verkfæra og meðhöndlun gagna

Gervigreindarverkfæri eru flokkuð í tvo flokka:

- Samþykkt gervigreind innan stýrðs umhverfis
 - Einu samþykktu gervigreindarverkfærin eru Copilot og Gemini.
 - Gervigreind sem er aðgengileg innan öruggs vinnuumhverfis og hugbúnaðar, s.s. Google Education, Seesaw og Canva.



Kópavogur

- Heimilt er að deila vinnugögnum með samþykkttri gervigreind sem og persónuupplýsingum ef heimild, tilgangur og gagnavernd eru tryggð og farið er yfir niðurstöður.
- Opin gervigreind
 - Öll gervigreindarverkfæri utan stýrðs umhverfis (t.d. persónulegir reikningar, vefútgáfur o.fl.), dæmi um slíkt verkfæri er Viskubrunnur eða ChatGPT.
 - Opin gervigreind má ekki fá persónuupplýsingar, trúnaðargögn eða viðkvæm mál til vinnslu.

3. Óheimil notkun

- Setja persónuupplýsingar eða trúnaðarefni í opin gervigreindarverkfæri.
- Nota gervigreind til sjálfvirkra ákvarðana um einstaklinga án mannlegrar yfirferðar, sérstaklega þegar það getur haft áhrif á réttindi eða aðstæður.
- Treysta óstaðfestu efni gervigreindar í samskiptum eða matsferlum.
- Brjóta höfundarétt eða trúnað með því að deila efni sem ekki má endurnota.

4. Leyfileg og æskileg notkun

- Starfsfólk: Má nota gervigreind til hugmyndavinnu, kennslu, samantekta og innri verkefna, svo lengi sem persónuupplýsingar eru ekki settar í opin verkfæri.

5. Fyrirsjáanleiki

Kennarar þurfa að leggja verkefni þannig fram að nemendur viti til hvers er ætlast af þeim í samræmi við *Viðmið um notkun gervigreindar fyrir nemendur*.

Um viðmiðin

Þessi viðmið eru endurskoðuð reglulega með hliðsjón af reynslu og þróun á sviði gervigreindar. Markmiðið er að tryggja að gervigreind styðji við örugga, siðferðislega og öfluga menntun þar sem virðing fyrir nemendum og samfélaginu er í forgrunni.



Kópavogur